


AFSTÖÐUMYND
1:500

## Húslýsing:

Húsið er smíðað árið 1998 í trésmiðju. Ætlunin er að flytja það í heilu lagi á lóðina Kerhraun B 125. Húsið skiptist í alrými með borðstofu og eldhúsi auk svefnálmu með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi og anddyri. Svefnloft er yfir svefnálmu. Geymsla verður byggð við húsið og verður skilgreind sem heitt rými.

## Byggingarlýsing:

Undirstöður:
Forsteyptar undirstöðueiningar 700x700x300 mm eru lagðar ofan á þjappaðan malarpúða sem grafinn er niður á fastan botn. Ofan á þær leggjast þrír tvöfaldir 50x200 mm dregarar sem festast við galvaniseruð flatjárn sem eru innsteypt í undirstöðueiningarnar.

Gólf:
200 mm gólfbitar koma ofan á dregara og eru festir við þá. 12 mm tjörutex er inn á milli gólfbita að neðanverðu með músaheldu neti á ytra yfirborði. 150 mm steinullareinagrunarmottur koma ofan á tjörutex. Ofan á gólfbita kemur rakavarnardúkur og ofan á rakavarnarlag koma 32 mm rakaþolnar krossviðsplötur. Gólf verður klætt með parketi og rakaþolnum gólfdúki á baði.

Útveggir:
Grind útveggja er byggð upp með 50x150 mm bitum og er einangruð með 150 mm steinull. Ytra lagi grindar er lokað með krossvið og húsið er klætt með láréttri borðaklæðningu. Að innan er grindin rakavarin með rakavörðu þolplasti og síðan klædd af með spónarplötum.

Þak:
Þak hússins er tvíhalla sperruþak með 50x200 mm sperrum, klætt með borðaklæðningu, þakpappa og bárustáli að ofan. Þak er einangrað með 150 mm steinullareinagrun, lokað innan frá með rakavörðu þolplasti og klætt með grenipanel að neðanverðu. Vindskeiðar eru úr fúavörðu timbri og þakrennur eru úr stáli.

Inniveggir:
Veggir eru úr 50x100 mm grindarefni, klæddir með gipsi eða krossvið og einangraðir með steinull.

Gluggar og hurðir:
Gluggar og útihurðir eru úr fúavörðu timbri með tvöföldu einangrunargleri.

Brunatæknileg atriði:
Staðsetning og fjöldi reykskynjara og handslökkvitækja skal vera í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar. Björgunarop er í báðum svefnherbergjum og á geymslulofti. Stigi er utan á útvegg fyrir neðan glugga geymslulofts.

Upphitun:
Húsið verður tengt hitaveitu og mun verða kynt með vatnsofnum. Húsið er skilgreint sem kalt hús vegna þess að það uppfyllir ekki kröfum byggingareglugerðar um einangrunargildi.

| Helstu stærðir: | Brúttóflatarmál | Brúttórúmmál |
|---|---|---|
| Sumarhús | 50,2 $m^2$ | 167,7 $m^3$ |
| Geymsla | 5,2 $m^2$ | 12,9 $m^3$ |
| Samtals | 55,4 $m^2$ | 180,6 $m^3$ |

1:500 0 10 20 30 40 50 m

Frumstærð blaðs A2

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
03. júní 2020
Byggingarfulltrúi

20201341

VERKÍS
www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKKT: Rafn Kristjánsson kt. 060248-3119

| ÚTG | DAGS | SKÝRINGAR | HANN |
|---|---|---|---|
| D | 2020-06-04 | Byggingarlýsing uppfærð | VAJ |
| C | 2020-06-02 | Byggingarlýsing uppfærð | VAJ |
| B | 2020-06-01 | Byggingarlýsing uppfærð | VAJ |
| A | 2020-05-13 | VERKTEIKNING | VAJ |

KERHRAUN B 125
Sumarbústaður í Grímsnesi
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

VERKFANG 20135 TEIKNING C00.001 D

V:\20\20135\teikn\Bustadur\afstada_kerhraun125b.dwg

© Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda